



## Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Sprettis 08. Janúar 2024, fundur hófst kl 18:30.

**Staður:** Fundarherbergi Sprettis

Mættir eru: Sverrir Einarsson formaður, Pétur Örn Sverrisson varaformaður, Lilja Sigurðardóttir framkvæmdastjóri, Gunnar Már Þorðarson, Haraldur Pétursson, Kolfinna Guðmundsdóttir gjaldkeri og Davíð Áskelsson.

Jenny Elisabet Eriksson ritari var fjarverandi.

### 1. Notkun á viðrunarhólfum félagsins

Rætt um notkun á viðrunarhólfum eftir að banni við notkun þeirra var auglýst og spurning hvort setja ætti einhver viðurlög. Framvegis verður lokadagsetning ákveðin á hverju vori við úthlutun.

### 2. Bókhaldsmál

Rætt um stöðu bókhaldsþjónustu fyrir fyrirtæki Sprettis, gjaldkerfi búin að kanna kostnað og leitað verður eftir slíku hjá fleiri bókhaldsþjónustum.

Lilja, Lelli og Kolfinna leita eftir verðum hjá fyrirtækjum sem þau þekkja til hjá.

### 3. Félagsgjöld

Rætt um hvernig standa skuli að innheimtu félagsgjalda, hvað skal gera ef ekki er greitt. Þarf að fylgja eftir í samræmi við lög félagsins sem eru nokkuð skýr, spurning samt um dagsetningar.

### 4. Taðkör

Innheimta fyrir þjónustuna þarf að fara fram í gegnum rekstrarfélagið, ekki Sprett. Halda þarf vel utan um tekjur og gjöld til að kanna hvernig þjónustan kemur út.

### 5. Salurinn

Fyrirspurn frá þeim sem sjá um útleigu Veislusalarins og þær fái umsýslugjald fyrir að sjá um útleiguna á salnum. Samþykkt af hálfu stjórnar. Staðan á útleigu róleg í janúar skv. venju en framhaldið lítur ágætlega út.

Það þarf að fara að huga að því að fá fleiri stóla í salinn. Rétt að fá tilboð til að átta sig á kostnaði.

### 6. Samráð um stigagjöf íþróttamanna hestamannafélaga

Fundur um samráð verður á miðvikudaginn 10.1, Hörður, Sóti, Sörli og Fákur hafa boðað komu sína. Tillaga um að Lilja, Dís og Gunnar verðir okkar fulltrúar okkar.

### 7. Hitaveita í Húsasmiðjuhöllina

Kassin kominn utan á höllina og lagnir að kassanum. Samþykkt að taka öðru tilboðinu og hefjast handa sem fyrst.

8. **Heimasíða**

Rætt um vinnu við heimasíðuna.

Fundi slitið kl. 20:00.

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson